**Fundargerð 45. stjórnarfundar Vestfjarðastofu & Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn í fjarfundi 27. apríl 2022 kl 14.00**

Mætt til fundar Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður, Elísabet Gunnarsdóttir, Kristján Jón Guðmundsson, Iða Marsibil Jónsdóttir, Þórir Guðmundsson, Daníel Jakobsson og Aðalbjörg Óskarsdóttir. Áheyrnarfulltrúar; Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhrepp. Auk þeirra sátu fundinn Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.

Kristján G Jóakimsson og Neil Shiran Þórisson boðuðu forföll og ekki tókst að boða varamenn í þeirra stað auk þess boðaði Jón Jónsson, forföll sem áheyrnarfulltrúi Strandabyggðar. Formaður kannaði boðun fundarins , engar athugasemdir komu fram og setti formaður þá fundinn. Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir;

**Fundur stjórnar Vestfjarðastofu**

1. Skýrsla framkvæmdastjóra
2. Málþing um þróun fiskeldis 2022
3. Greinargerð Sóknaráætlunar 2021
4. Framhaldsársfundur og ársfundur Vestfjarðastofu
5. Skipan fulltrúa í skólanefnd MÍ

**Fundur stjórnar FV**

6. Fundargerð stjórnarfundar FV 30.03.2022
7. 67. Fjórðungsþing að vori
    a. Þinggerð
    b. Ályktanir
8. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs
9. Lagt fram til kynningar
    a. Úthlutanir úr sjóðum Brothættra byggða
        i. Þróunarverkefnasjóður Flateyri
        ii. Frumkvæðissjóður Sterkra Stranda Öll vötn til Dýrafjarðar
        iii. Áfram Árneshreppur
    b. Fundargerð 76. fundar stjórnar SSNV 5. apríl 2022
    c. Fundargerð – 36. fundar stjórnar SSNE 9. mars 2022
    d. 125. stjórnarfundur Austurbrúar 17. janúar 2022
    e. 580. stjórnarfundur SASS. 1. apríl 2022
    f. 777. Stjórnarfundur SSS 16. mars 2022
    g. 538. Stjórnarfundur SSH 04. apríl 2022
    h. 167. Stjórnarfundur SSV 2. mars 2022
    i. Fundargerð 78. fundar Stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál 1. febrúar 2022 – í gögnum fundar
10. Umsagnir:
    a. Afgreiddar umsagnir
        1. Mál 43 Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum (farsímasamband á þjóðvegum).

2. Mál 46. Tillaga til þingsályktunar um kaup á nýrri Breiðafjarðarferju. Staða og umfjöllun máls á Alþingi.
3. Mál 93 Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis. Staða og umföllun máls á Alþingi
4. Mál 332. Tillaga til þingsályktunar áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (Rammaáætlun 3).
5. Mál 349. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskeveiða (veiðistjórn sandkola og hryggleysingja) Staða og umfjöllun máls á Alþingi. Mál 350. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lög um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni) Umfjöllun og staða máls á Alþingi
6. Mál 419 Tillaga til þingsályktunar um eignarhald í laxeldi. Staða og umfjöllun máls á Alþingi
7. Mál 461 – þing 152, Umsögn, frumvarp til laga um fjarskipti.

b. Umsagnarbeiðnir
   i. Fjárlaganefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fjármálaætlun fyrir árin 2023-2027, 513. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 9. maí nk.

c. Umsagnir til skoðunar

1. Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022–2036. Dreift á Alþingi 1. apríl s.l., bíður framsögu innviðaráðherra.
2. Frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (uppbygging innviða). Dreift á Alþingi 1. apríl s.l., bíður framsögu innviðaráðherra
3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002 (umhverfisvæn orkuöflun). Dreift á Alþingi 1. apríl s.l., bíður framsögu umhverfis, orku og loftlagsráðherra.

d. Til upplýsingar um mál á Alþingi.

Svar um fyrirspurn um útgjöld til nýframkvæmda í vegakerfinu (greining á þróun útgjalda frá aldamótum sem hlutfall af heildarútgjöldum ríkisins og vergri þjóðarframleiðslu)

## Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. **Skýrsla framkvæmdastjóra**

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega skýrslu um helstu verkefni frá síðasta fundi.
Til máls tóku auk framkvæmdastjóra; Elísabet Gunnarsdóttir, Aðalbjörg Óskarsdóttir

2. **Málþing um þróun fiskeldis 2022**

Framkvæmdastjóri kynnti hugmynd um að hafa undirbúningur að málþingi um fiskeldi næsta haust, með sambærilegu fyrirkomulagi á síðasta hausti og eins að skipuleggja heimsókn matvælaráðherra, starfsmenn ráðuneytis og stofnana í tengslum við málþingið. Til máls tóku Elísabet Gunnarsdóttir, Daníel Jakobsson, Kristján Jón Guðmundsson, Iða Marsibil Jónsdóttir og Lilja Magnúsdóttir.
Stjórnarmenn lýstu stuðningi við hugmynd framkvæmdastjóra og fól henni að hefja undirbúning.

3. **Greinargerð Sóknaráætlunar 2021**

Lögð fram til kynningar greinargerð Vestfjarðastofu dags. 10. mars s.l. um framkvæmd Sóknaráætlunar Vestfjarða á árinu 2021, greinargerðin er unnin fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga samkvæmt samningi. Greinargerðin hefur verið send til Byggðastofnunar og  Stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál, sem fara með framkvæmd Sóknaráætlana landshluta.

4. **Framhaldsársfundur og ársfundur Vestfjarðastofu**

Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað um framkvæmd framhaldársfundar fyrir árið 2021 og ársfundar 2022. Framhaldsársfundur verður haldinn 28. apríl n.k. og ársfundur sem haldinn verði í lok maí eða byrjun maí.
Í minnisblaðinu er lögð fram tillaga til framhaldsársfundar að kosning stjórnar verði frestað og núverandi stjórnarmenn sitji fram að ársfundi 2023, ef núverandi stjórnarmenn samþykki að sitja áfram í stjórn.
Framkvæmdastjóra falið að leggja fram greinargerð á fundinum.
Til máls tóku formaður, framkvæmdastjóri, Daníel Jakobsson og Elísabet Gunnarsdóttir

5. **Skipan fulltrúa í skólanefnd MÍ**

Lagt fram bréf Mennta- og barnamálaráðuneytis frá 6. apríl s.l. um að óska eftir tilnefningu Vestfjarðastofu (í umboði FV) í skólanefnd Menntaskólans á Ísafirði á grundvelli 5. gr laga um framhaldsskóla nr 92/2008.  Sviðsstjóri kynnti að ekki lægju fyrir upplýsingar um skipan ráðuneytisins í skólanefndina en æskilegt væri að hafa þá skipan fyrir hendi til að ákvarða um skipan fulltrúa Vestfjarðastofu. Til máls tóku formaður, Daníel Jakobsson, Elísabet Gunnarsdóttir, Aðalbjörg Óskarsdóttir, Kristján Jón Guðmundsson og Þórir Guðmundsson.

*Samþykkt að fresta afgreiðslu málsins og fela sviðsstjóra að kalla eftir upplýsingum um skipan ráðuneytis á fulltrúum og ljúka skipan fulltrúa Vestfjarðastofu í samræmi við umræðu á fundinum að undangenginni staðfestingu í tölvupósti þó eigi síðar en 13. maí n.k..*

Aðalbjörg Óskarsdóttir, vék af fundi.

## Fundur stjórnar FV

6. **Fundargerð stjórnarfundar FV 30.03.2022**

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 30. mars s.l. en fundargerð hefur verið staðfest af stjórn.

7. **67. Fjórðungsþing að vori**
   a. Þinggerð

Lögð fram til kynningar þinggerð 67. Fjórðungsþings Vestfirðinga að vori, sem haldið var þann 6. apríl s.l..

   b. Ályktanir

Kynntar ályktanir 67. Fjórðungsþings Vestfirðinga að vori. Um er að ræða tvær ályktanir;

Ályktun; áskorun varðandi vinnu við strandsvæðaskipulagi fyrir Vestfirði.
Sviðsstjóri kynnti að ályktunin hafi verið send formanni svæðisráðs Strandsvæðaskipulags Vestfjarða og efni hennar hafi verið á dagskrá 12. fundi svæðisráðs þann 26. apríl s.l..

Ályktun um orkumál. Rætt um kynningu ályktunarinnar. Stjórn felur framkvæmdastjóra að kynna efni ályktunarinnar fyrir umhverfis, orku og loftlagsráðuneyti, innviðaráðuneyti, Orkustofnun, Landsnet og þingmönnum Norðvestur kjördæmis.

Framkvæmdastjóri kynnti hugmynd að unnið verði staðreyndarblað um orkumál á Vestfjörðum á grundvelli ályktunarinnar og efni málsþings um orkumál á Vestfjörðum sem haldið var þann 6. apríl s.l..
Tillaga framkvæmdastjóra samþykkt samhljóða.

8. **Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs**

   Lagt fram bréf Tálknafjarðarhrepps frá 11. mars s.l. með bókun sveitarstjórnar frá 28. febrúar 2022 þar sem óskað er frumkvæðis Fjórðungssambands Vestfirðinga að hafin verið vinna að gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs. Vísað er til verkefnisins „Samtök um hringrásarhagkerfið“.

   Kynnt að fundur á vegum samtaka um hringrásarhagkerfið hefur verið boðaður þann 4. maí n.k. á Holt Inn í Önundarfirði. Á þann fund eru boðaðir fulltrúar allra sveitarfélaga á Vestfjörðum.

   Samþykkt að fela sviðsstjóra að kynna bókun Tálknafjarðarhrepps á þeim fundi og óska eftir umræðu um efni hennar og ákvörðun um framhald málsins.

9. **Lagt fram til kynningar**
   a. Úthlutanir úr sjóðum Brothættra byggða
      i. Þróunarverkefnasjóður Flateyri
         Lagt fram til kynningar, en alls var úthlutað 20 mkr til 21 verkefna, nánar upplýsingar
         https://www.vestfirdir.is/is/vestfjardastofa/frettir/throunarverkefnasjodur-flateyri-uthlutun-2022
      ii. Frumkvæðissjóður Sterkra Stranda, lagt fram til kynningar en alls var úthlutað 10,8 mkr til 12 verkefna. Nánari upplýsingar

https://www.vestfirdir.is/is/vestfjardastofa/frettir/styrkuthlutun-ur-frumkvaedissjodi-sterkra-stranda-2022.

   iii. Öll vötn til Dýrafjarðar. Lagt fram til kynningar en alls var úthlutað 9,4 mkr til 20 verkefna.
   Nánari upplýsingar
   https://www.vestfirdir.is/is/vestfjardastofa/frettir/styrkuthlutun-oll-votn-til-dyrafjardar-2
   iv. Áfram Árneshreppur Lagt fram til kynningar, en alls var úthlutað 7 mkr til 14 verkefna, nánari upplýsingar
   https://www.vestfirdir.is/is/vestfjardastofa/frettir/styrkuthlutun-afram-arneshreppur

b. Fundargerð 76. fundar stjórnar SSNV 5. apríl 2022, lögð fram til kynningar
   https://www.ssnv.is/is/moya/news/category/2/fundargerd-76-fundar-stjornar-ssnv-5-april-2022
c. Fundargerð – 36. fundar stjórnar SSNE 9. mars 2022 – Lögð fram til kynningar
   https://www.ssne.is/is/fundargerdir/stjorn-ssne/fundargerd-stjorn-ssne-36-fundur-9-mars-2022
d. Fundargerð 125. stjórnarfundur Austurbrúar 17. janúar 2022 lögð fram til kynningar -
   https://austurbru.is/wp-content/uploads/2022/03/1_Fundargerd-125_stjornarfundur-2.pdf
e. Fundargerð 580. stjórnarfundur SASS. 1. apríl 2022, lögð fram til kynningar -
   https://www.sass.is/580-fundur-stjornar-sass/
f. Fundargerð 777. Stjórnarfundur SSS 16. mars 2022, lögð fram til kynningar -
   https://sss.is/blog/fundir/777-stjornarfundur-sss-16-mars-2022/
g. Fundargerð 538. Stjórnarfundur SSH 04. apríl 2022, lögð fram til kynningar -
   https://ssh.oneportal.is/MeetingSearch/DisplayMeeting.aspx?id=iiUdy0PTQUigVnsi4W_D0w1&text=
h. Fundargerð 167. Stjórnarfundur SSV 2. mars 2022, lögð fram til kynningar
   https://ssv.is/wp-content/uploads/2022/03/167-fundur-stjornar-SSV-fundargerd.pdf

10. Umsagnir:
   a. Afgreiddar umsagnir
      1. Mál 43 Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum (farsímasamband á þjóðvegum). Staða og umfjöllun máls á Alþingi. https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/?ltg=152&mnr=43
      2. Mál 46. Tillaga til þingsályktunar um kaup á nýrri Breiðafjarðarferju. Staða og umfjöllun máls á Alþingi. https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/?ltg=152&mnr=46
      Til máls tók Iða Marsibil Jónsdóttir og kynnti efni funda sem Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur áttu með Vegagerð og Samgöngustofu.
      3. Mál 93 Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis. Staða og umföllun máls á Alþingi

https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/?ltg=152&mnr=93

4. Mál 332. Tillaga til þingsályktunar áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/?ltg=152&mnr=332 (Rammaáætlun 3).
5. Mál 349. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskeveiða (veiðistjórn sandkola og hryggleysingja) Staða og umfjöllun máls á Alþingi. https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/?ltg=152&mnr=349
6. Mál 350. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lög um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni) Umfjöllun og staða máls á Alþingi https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/?ltg=152&mnr=350
7. Mál 419 Tillaga til þingsályktunar um eignarhald í laxeldi. Staða og umfjöllun máls á Alþingi https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalin/erindi/?ltg=152&mnr=419
8. Mál 461 – þing 152, Umsögn, frumvarp til laga um fjarskipti.
   Staða máls og umfjöllun á Alþingi
   https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalin/erindi/?ltg=152&mnr=461

Daníel Jakobsson, vék af fundi.

b. Umsagnarbeiðnir
   i. Fjárlaganefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fjármálaætlun fyrir árin 2023-2027, 513. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 9. maí nk.
      https://www.althingi.is/altext/pdf/152/s/0735.pdf

      Sviðsstjóri kynnti minnisblað um drög að efni umsagnar. Til máls tóku formaður, framkvæmdastjóri, Iða Marsibil Jónsdóttir, Daníel Jakobsson, Kristján Jón Guðmundsson
      Samþykkt að fela sviðsstjóra að ljúka við gerð umsagnar í samræmi við umræðu á fundi.

c. Umsagnir til skoðunar

1. Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022–2036. 799/152 stjórnartillaga: stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022--2036 | Þingtíðindi | Alþingi (althingi.is) Dreift á Alþingi 1. apríl s.l., bíður framsögu innviðaráðherra. Sviðsstjóri kynnti minnisblað um drög að efni umsagnar. Til máls tóku, formaður, framkvæmdastjóri Iða Marsibil Jónsdóttir , Þórir Guðmundsson, Kristján Jón Guðmundsson.
2. Frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (uppbygging innviða). 812/152 stjórnarfrumvarp: skipulagslög | Þingtíðindi | Alþingi (althingi.is) Dreift á Alþingi 1. apríl s.l., bíður framsögu innviðaráðherra. Sviðsstjóra fali að afla upplýsinga um efni máls

3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002 (umhverfisvæn orkuöflun). 824/152 stjórnarfrumvarp: niðurgreiðsla húshitunarkostnaðar | Þingtíðindi | Alþingi (althingi.is) Dreift á Alþingi 1. apríl s.l., bíður framsögu umhverfis, orku og loftlagsráðherra.
Sviðsstjóri vísaði til umsagnar um efni frumvarpsins í Samráðsgátt og taldi nauðsyn á að ítreka þá umsögn.
Samþykkt að vinna umsögn.

d. Til upplýsingar um mál á Alþingi.

Kynnt svar um fyrirspurn til innviðaráðherra um útgjöld til nýframkvæmda í vegakerfinu (greining á þróun útgjalda frá aldamótum sem hlutfall af heildarútgjöldum ríkisins og vergri þjóðarframleiðslu)
https://www.althingi.is/altext/152/s/0805.html

Formaður kynnti að þessi fundur væri síðasti fundur stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga á grundvelli umboðs sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga sambandsins. Að afloknum sveitarstjórnarkosningum þann 14. maí tæki stjórn við hlutverki starfsstjórnar fram að kjöri nýrrar stjórnar á 67. Fjórðungsþingi Vestfirðinga að hausti. Þakkaði formaður stjórnarmönnum fyrir gott samstarf og samstöðu um málefni Vestfjarða.

**Fleira ekki gert og fundi slitið 15.45.**

Fullgild rafræn undirskrift
ELÍSABET GUNNARSDÓTTIR
Kennitala: 120358-3409
2022-06-03 10:44:20 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
DANÍEL JAKOBSSON
Kennitala: 170873-4249
2022-06-03 11:13:00 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
JÓHANNA ÖSP EINARSDÓTTIR
Kennitala: 030285-2479
2022-06-03 17:32:10 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÞÓRIR GUÐMUNDSSON
Kennitala: 250388-2339
2022-06-01 12:12:22 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
AÐALBJÖRG ÓSKARSDÓTTIR
Kennitala: 250182-5389
2022-06-01 12:48:31 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
KRISTJÁN JÓN GUÐMUNDSSON
Kennitala: 191156-5879
2022-06-01 13:00:01 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
IÐA MARSIBIL JÓNSDÓTTIR
Kennitala: 151077-4559
2022-06-01 15:16:26 GMT
Ástæða: Undirskrift